

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatns-sýslu: **um manntalsþing í Húnavatnssýslum.**

Ráðuneytið vísar til bréfa yðar, herra sýslumaður, dags. 28. júní og 23. desember f. á., varðandi tillögur yðar ásamt samþykktum sýslunefnda Austur- og Vestur-Húnavatnssýslna um manntalsþing í Húnavatnssýslum.

Með vísun til 38. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð opinberra mála, sbr. 10. gr. laga nr. 29 1981, samþykkir ráðuneytið hér með, að manntalsþing í Húnavatnssýslum verði framvegis eitt í hvorri sýslu. Fellur þá niður sú skipan mála, sem ákveðin var með bréfum ráðuneytisins, dags. 19. janúar og 8. febrúar 1982.

5. júní 1984

Nr. 269

REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

Fyrir opinn bát	276,00	kr.
Fyrir þilfarsskip minna en 25 rúml.	529,00	
Fyrir þilfarsskip 25 rúml. allt að 100 rúml.	834,00	
Fyrir þilfarsskip 100 rúml. allt að 250 rúml.	1 156,00	
Fyrir þilfarsskip 250 rúml. allt að 500 rúml.	1 587,00	
Fyrir þilfarsskip 500 rúml. allt að 1600 rúml.	2 622,00	
Fyrir þilfarsskip 1600 rúml. og stærri	3 134,00	

Að auki greiðist skoðunarmönnum útlagður kostnaður, svo sem akstur og símakostnaður skv. reikningi.

Pegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti og fyrir vélaskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti og fyrir bolskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti.

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

Skal greiðslan miðuð við tímakaup fastráðinna skoðunarmanna Siglingamálastofnunar fyrir dag- eða yfirvinnu, eftir því sem við á hverju sinni.

3. gr.

Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir hleðslumerkjaskoðun og áritun hleðslumerkjaskírteinis greiðist kr. 140,00.

4. gr.

Skoðunarmönnum er heimilt að innheimta kr. 69,00 hjá þeim sem biður um vottorð vegna endurgreiðslu tolla.

5. gr.

Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórriti í þar til gerðar bækur sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr. skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr. greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. júní 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 275 25. apríl 1983, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

Samgönguráðuneytið, 5. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 270

REIKNINGUR**Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands 1983.****Rekstrarreikningur fyrir árið 1983.**

Gjöld:

Ýmis kostnaður, prentun o. fl.	kr. 77 942,00
Styrkveitingar 1983	1 823 000,00
Tekjur til ráðstöfunar 1986 skv. 5. gr.	1 500 000,00
Tekjur lagðar við höfuðstól	2 058 907,00
	<hr/>
	5 459 849,00

Tekjur:

Arður af hlutabréfum E.Í.	kr. 456,00
Samúðarskeyti Landsímans kr. 2 646 079,71–15% til F.Í.S. 396 912,98 ..	2 249 166,73
Aðrar minningargjafir	11 840,00
Vaxtatekjur og verðbætur	3 198 386,27
	<hr/>
	5 459 849,00